

Sp. 180. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um jöfnun á skattbyrði hjóna.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson, Karvel Pálmason, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem feli í sér að skattbyrði hjóna verði jöfn hvort sem annað þeirra eða þau bæði vinna fyrir tekjum. Taka skal sérstakt tillit til þess ef verulegur kostnaður hlýst af því að hjónin vinna bæði utan heimilis.

Greinargerð.

Það er óverjandi að hjón, þar sem annar makinn treystir sér ekki til að vinna utan heimilis, t. d. vegna fjölda barna, vegna veikinda eða vegna umönnunar aldraðs fólks eða sjúks, skuli greiða mun hærri skatta af sömu tekjum og hjón sem bæði vinna utan heimilis. (Sjá töflu.)

Í þessum tilvikum sparar heimavinnandi makinn því opinbera oft mikið fé í stofn- og rekstrarkostnaði barnaheimila, heilbrigðisstofnana og dvalarheimila aldraðra. Í stað þess að meta þetta starf að verðleikum er fólkinu refsað með hækkun tekjuskatts. Þessu má breyta t. d. með því að hafa sérstakan skattstiga fyrir einstaklinga og annan fyrir hjón og sambýlisfólk eins og víða er erlendis og var hér á landi til skamms tíma.

Á hinn bóginn er eðlilegt að tekið sé sérstakt tillit til þess ef veruleg aukaútgjöld, t. d. vegna gæslu tveggja eða fleiri barna, hljótaskatt af því að bæði hjónin vinna utan heimilis. Þetta má gera á ýmsan hátt, t. d. með hækkun barnabóta eða með viðauka við heimildarákvæði 66. gr. laga um tekju- og eignarskatt.

SAMANBURÐUR Á TEKJUSKATTSGREIÐSLUM HJÓNA
eftir því hvernig tekjur skiptast milli maka (í krónum).

Tekjuskattsstofn (tekjur beggja)	300 000	400 000	500 000	600 000	700 000	800 000
a) Tekjuskattur ef annað hjóna vinnur fyrir öllum tekjunum	21 700	61 500	106 500	151 500	196 500	247 500
b) Annað hjóna vinnur fyrir 2/3 tekanna — hitt fyrir 1/3 hluta	12 700	53 700	70 700	110 200	150 900	191 500
c) Tekjur skiptast jafnt milli hjóna	10 000	38 400	70 400	102 400	137 000	182 000
Mismunur á a og c	11 700	23 100	36 100	49 100	59 500	65 500